

Kennari:	Sigrún Óskarsdóttir
Áfangi/fag:	BÓKF1BF05 – Bókfærsla

Stutt lýsing

Hér kemur stutt lýsing á áfanganum og þeim áherslum sem eru. Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtök eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Nemendum er gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og kynnt helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds.
- hinum fjórum grundvallarlyklum bókhalds, eignir, skuldir, gjöld og tekjur.
- muninum á efnahags- og rekstrarreikningi.
- hugtökunum álagning, vextir, afskriftir, söluhagnaður og tap eigna.
- flutningsskilmálunum FOB og CIF undirstöðuatriðum launabókhalds.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hefja bókhald með hliðsjón af fyrirliggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis.
- stilla upp prófjöfnuði.
- gera einfaldar dagbókarfærslur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil. Nr.: GAT-115 Menntaskólinn í Kópavogi Útgáfa: 01 Dags.: 13.02.2019 Höfundur: GV Áfangalýsing BÓKF1AA05 Samþykkt: MF Síða 2 af 2
- geta gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram og ógreiddan kostnað og fleira.
- geta gert upp virðisaukaskatt.
- geta sett upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna.

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson. Iðnú, Reykjavík 2009 (2. prentun endurskoðuð 2014).
Vinnubók fyrir bókhaldsverkefni.
Nemendur fá kennslubók og vinnubók endurgjaldslaust hjá Hringsjá.

Námsmat

Áfanginn er í símati.

Námsmat:

Könnun 1	15%
Könnun 2	15%
Könnun 3	15%
Könnun 4	15%
Vinnubók	30%
Ástundun og vinnusemi	10%
Samtals	100%

